

## Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins á öðrum ársfjórðungi 2015<sup>1</sup>

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á öðrum ársfjórðungi 2015 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.<sup>2</sup>

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 21,3 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 6,3 ma.kr. fjórðunginn á undan. Vöruskiptajöfnuður var óhagstæður sem nemur 12,8 ma.kr. en þjónustujöfnuður mældist hagstæður um 54,7 ma.kr. Jöfnuður frumþáttatekna var óhagstæður um 16 ma.kr. og rekstrarframlög um 4,7 ma.kr.

Vakin er athygli á því að útreikningi viðskiptajafnaðar án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð hefur verið breytt. Viðskiptajöfnuður þannig mældur var hagstæður um 26,5 ma.kr. samanborið við 13,5 ma.kr. fjórðunginn á undan. Sem fyrr er leiðrétt fyrir tekjum og gjöldum þeirra í frumþáttatekjum sem námu annarsvegar 4,8 ma.kr. og hinsvegar 11,3 ma.kr. á öðrum ársfjórðungi. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á frumþáttatekjur nema 6,6 ma.kr. Að auki er nú tekið tillit til óbeint mældrar fjármálaþjónustu (FISIM) sem venjulega er undanskilin í frumþáttatekjum og talin fram með þjónustuviðskiptum. Á þennan hátt fæst nákvæmari niðurstaða á viðskiptajöfnuði án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð. Að öðru óbreyttu er niðurstaðan samkvæmt þessari aðferð sú sama og var fyrir innleiðingu á nýjum stöðlum greiðslujafnaðar í september á síðasta ári.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 5.535 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.200 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 7.665 ma.kr. en nettóskuldir lækkuðu um 266 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 3.966 ma.kr. og skuldir 3.852 ma.kr. Hrein staða þannig metin var því jákvæð um 114 ma.kr. og hækkuðu nettóeignir um 87 ma.kr. á ársfjórðungnum. Í töflu 2 er rakin þróun helstu eigna- og skuldaliða á ársfjórðungnum og eru breytingar sundurgreindar í viðskipti í fjármagnsjöfnuði, gengis- og verðbreytingar og aðrar breytingar. Hrein fjármagnsviðskipti leiddu til um 106 ma.kr. bættrar erlendrar stöðu. Þar

---

<sup>1</sup> Seðlabanki Íslands innleiddi hinn 2. september 2014 nýja staðla fyrir hagtölur greiðslujafnaðar og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Nánar er greint frá breytingunum í Upplýsingariti Seðlabankans nr. 5, sjá: <http://www.seðlabanki.is/library/Skraarsafn/Uppl%C3%BDsingarit/Uppl%C3%BDsingarit%20nr%20%205.pdf>

<sup>2</sup> Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

af lækkuðu erlendar eignir um 6 ma.kr. og skuldir um 112 ma.kr. vegna viðskiptanna. Gengis- og verðbreytingar höfðu jákvæð áhrif á erlenda stöðu þjóðarbúsins sem nemur um 156 ma.kr. en á ársfjórðungnum lækkuðu erlendar eignir af þeim sökum um 73 ma.kr. og erlendar skuldir um 229 ma.kr. Gengi krónunnar hækkaði um rúm 4% gagnvart Bandaríkjadal en lækkaði um 2% gagnvart sterlingspundi. Í heild hækkaði þó gengi krónu um 0,73% miðað við gengisskráningarvog. Verð erlendra hluta- og skuldabréfa lækkaði að meðaltali um 0,3%.

### **Sérstök endurskoðun**

Greiðslujöfnuður og erlend staða þjóðarbúsins hefur verið endurskoðuð allt aftur til ársins 1995. Regluleg endurskoðun á áður birtum hagtolum er gerð samkvæmt endurskoðunaráætlun.<sup>3</sup> Að hámarki eru endurskoðaðir 17 ársfjórðungar aftur í tímann og teljast eldri tölur endanlegar. Utan reglulegrar endurskoðunar er í sérstökum tilfellum, líkt og nú, skoðað lengra tímabil. Í september á síðasta ári voru hagtolurnar birtar samkvæmt nýjum greiðslujafnaðarstaðli í fyrsta skipti og er breytingin nú liður í að ljúka vinnu við innleiðinguna. Áhrif breytinganna á heildarniðurstöður erlendra stöðu þjóðarbúsins eru lítil eða að meðaltali um 0,3% af VLF á tímabilinu 1995-2013. Meðaláhrif á niðurstöður greiðslujafnaðar eru mun minni. Helstu breytingar varða vöruinnflutning, sem hefur tekið breytingum aftur til ársins 1997, og þjónustuviðskipti, sem breytast aftur til ársins 2003. Breytingin á vöru- og þjónustuviðskiptum er í samræmi við endurskoðun Hagstofu Íslands sem birt var nýverið. Áhrifa endurskoðunarinnar á þjónustuviðskiptum gætir einnig í frumþáttatekjum þar sem óbeint mæld fjármálaþjónusta hefur áhrif á hreina vexti.<sup>4</sup> Seðlabankinn hefur einnig fengið uppfærðar tölur úr skattframtölum einstaklinga frá Ríkisskattstjóra og leiða þær til breytinga á launatekjum og rekstrarframlögum þáttatekna allt aftur til ársins 1995. Nýju tölurnar frá Ríkisskattstjóra höfðu áhrif til hækkunar á erlendum innstæðum heimila, aftur til ársins 1999. Aðrar breytingar eru meðal annars á lífeyrisskuldum íslenskra lífeyrissjóða við lífeyrisþega sem búsettir eru erlendis.

### **Undirliggjandi erlend staða**

Athygli er vakin á því að í dag er greining á undirliggjandi erlendri stöðu þjóðarbúsins einnig birt á vef Seðlabanka Íslands.

---

<sup>3</sup> Sjá, lýsigögn greiðslujafnaðar bls 18,

<http://sedlabanki.is/library/Fylgiskjöl/Hagtolur/Fjarmalafyrirtaeki/Lysigogn/Greidslujofnudur.pdf>

<sup>4</sup> Vextir af inn- og útlánnum fjármalafyrirtækja eru mældir sem hreinir vextir, þ.e. að fráreginni óbeint mældri fjármálaþjónustu.

**Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður (ma.kr.)**

	<u>2014, II</u>	<u>2014, III</u>	<u>2014, IV</u>	<u>2015, I</u>	<u>2015, II</u>
<b>Viðskiptajöfnuður</b>	<b>5,0</b>	<b>43,0</b>	<b>26,3</b>	<b>6,3</b>	<b>21,3</b>
Vöruskiptajöfnuður	-13,9	-9,6	15,4	3,9	-12,8
Þjónustujöfnuður	32,1	77,8	11,0	19,8	54,7
Jöfnuður frumpáttatekna	-9,7	-21,2	4,1	-13,1	-16,0
Rekstrarframlög, nettó	-3,6	-4,0	-4,1	-4,4	-4,7
<b>Jöfnuður fjárframlaga</b>	<b>-0,2</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,4</b>	<b>-0,3</b>
<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>43,4</b>	<b>-6,3</b>	<b>67,4</b>	<b>1,6</b>	<b>106,4</b>
Bein fjárfesting	-24,6	-77,6	23,8	-129,0	79,7
Verðbréf	8,8	-115,3	-65,4	-46,7	14,3
Afleiður	-0,2	0,5	-0,5	-2,7	0,0
Önnur fjárfesting	47,5	129,4	132,5	121,9	-23,3
Gjaldeyrisforði	11,8	56,7	-23,0	58,1	35,7
<b>Skekkjur og vantalið, nettó</b>	<b>38,6</b>	<b>-48,9</b>	<b>41,5</b>	<b>-4,3</b>	<b>85,4</b>

*Liðir til skýringar:*

<b>Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna</b>	<b>12,1</b>	<b>50,4</b>	<b>33,3</b>	<b>13,5</b>	<b>26,5</b>
---	-------------	-------------	-------------	-------------	-------------

**Tafla 2. Breyting á erlendri stöðu þjóðarbúsins milli ársfjórðunga (ma.kr.)**

	<b>Staða í lok Q1 2015</b>	<b>Fjármagnsjöfnuður</b>	<b>Gengis- og verðbreytingar</b>	<b>Aðrar breytingar</b>	<b>Staða í lok Q2 2015</b>
<b>Erlendar eignir, alls</b>	<b>5.625</b>	<b>-6</b>	<b>-73</b>	<b>-11</b>	<b>5.535</b>
Bein fjárfesting	2.189	3	-19	-4	2.170
Verðbréf	1.396	5	-27	0	1.374
Afleiður	12	0	2	-2	12
Önnur fjárfesting	1.435	-49	-7	-5	1.374
Gjaldeyrisforði	593	36	-23	0	605
<b>Erlendar skuldir, alls</b>	<b>13.555</b>	<b>-112</b>	<b>-229</b>	<b>-15</b>	<b>13.200</b>
Bein fjárfesting	2.212	-76	-31	-4	2.100
Verðbréf	6.252	-10	-115	3	6.130
Afleiður	22	0	0	-2	20
Önnur fjárfesting	5.070	-26	-83	-11	4.950
<b>Hrein staða við útlönd</b>	<b>-7.931</b>	<b>106</b>	<b>156</b>	<b>4</b>	<b>-7.665</b>

*Liðir til skýringar:*

<b>Hrein staða við útlönd án innlánsstofnana í slitameðferð</b>	<b>27</b>	<b>120</b>	<b>-25</b>	<b>-8</b>	<b>114</b>
---	-----------	------------	------------	-----------	------------

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.